

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 27.11.2023
UST202301-250/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 1. nóvember 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti á urðunarstað Sveitarfélags Hornafjarðar í Lóni þann 2. ágúst 2023. Þann 16. nóvember barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Samkvæmt grænu bókhaldi rekstraraðila voru urðuð 6.960 kg af olíumettuðum jarðvegi í Lóni árið 2022. Olíumettaður jarðvegur flokkast sem spilliefni og er urðun á slíkum úrgangi óheimil. Vísast í tl. 5.3 í 5. gr. reglugerðar nr. 806/2009 um spilliefni fyrir viðeigandi meðhöndlun. Jafnframt er vísað á 2. tl. 54. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.**
- 2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skrá skal upplýsingar um breytingar á umfangi urðaðs úrgangs (sig) sem er liður í skráningum innra eftirlits rekstraraðila.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en óskar þess að fá uppfærslu á framvindu úrbóta eftir því sem við á. Niðurstöður sigmælinga skulu sendar stofnuninni fyrir 1. maí 2024.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur